

Tökum saman höndum

Verkefnið var skipulagt af þáverandi fræðslustjóra Austur Húnavetninga, Guðjóni E. Ólafssyni og starfsmönnum Blönduskóla og hófst haustið 2006.

Markmið/tilgangur

- Að bæta líðan og námsárangur nemenda á efsta stigi Húnaskóla.
- Öllum börnum á að líða vel í skólanum og hæfileikar allra eiga að njóta sín til fulls. Þetta er meginhlutverk alls skólustarfs. Til að ná þessu markmiði getur þurft að nota misjafnar aðferðir og stundum óhefðbundnar leiðir.
- Verkefnið hefur reynst vel og er því orðið eitt af þeim úrræðum sem skólinn býður öllum nemendum á efsta stigi.

Aðkoma foreldra að verkefninu

- Foreldrar eru hluti af teymi sem hittist á 4 - 6 vikna fresti. Allir í teyminu hafa jafn mikið vægi í teymisvinnunni.

Samstarf foreldra og kennara/starfsmanna

- Ein meginforsenda árangurs þessa vinnulags er að allir séu jafngildir meðlimir teymisins. Foreldrar ekki síður en aðrir. Allir eiga að upplifa að þeir séu í sama liði og þá myndast samkennd.

Verkefnið hefur stuðlað að jákvæðum hefðum í samstarfi heimila og skóla:

- Það hefur fjölgað þeim foreldrum og nemendum sem nýtt hafa sér þennan samstarfsmáta sem hefur orðið til þess að auka jákvæð samskipti heimila og skóla.

Verkefnið nær oft að brúa bilið milli foreldra og nemenda

- Það næst oft sátt með þessari vinnu milli foreldra og nemenda þar sem þeir fá stuðning til að skilja betur stöðu sína og vilja.

Verklýsing:

1. *Nemandi er í vanda félagslega, tilfinningalega, námslega eða annað.*
2. *Skólinn býður nemandanum og foreldrum hans að taka þátt í verkefninu Tökum saman höndum.*
3. *Umsjónarkennari, sérkennari eða skólastjórnandi ræða við nemandann og útskýra verkefnið. Nemandann skrifar niður allt sem hann telur að betur mætti fara honum til hagsbóta. Allar hugmyndir eru teknar til greina. Dæmi (raunveruleg): fá að sofa til kl. 10, fá að læra í næði, fá að vera í tölvunni í 5 klst., fá að fara á Stuðla, fá aðstoð við heimanámið í skólanum, foreldrar hætti að tuða um heimanámið, fá smokkasjálfsala á ganga skólans, mega fara í náttfötunum í skólann, námsefni of erfitt o.s.frv.*
4. *Boðaðir á fund hjá fræðslustjóra eru: nemandinn, foreldrar, fræðslustjóri, umsjónarkennari, skólastjórnandi og fleiri ef þurfa þykir (t.d. sérkennari, félagsmálastjóri). Þessi hópur skipar síðan teymið sem hittist reglulega.*
5. *Á fyrsta fundi eru hugmyndir nemandans, starfsfólks skóla og heimilis um hvað þarf að breytast eða megi betur fara settar fram og skoðaðar (með skjávarpa á vegg). Allar hugmyndir eru ræddar og þær rökstuddar. Áhersla er lögð á að samræma hugmyndir og kröfur og að væntingar séu raunhæfar. Allir bera jafna ábyrgð á að markmiðum sé náð.*
6. *Áður en fundi er slitið er boðaður nýr fundur.*
7. *Á næsta fundi er punktum aftur varpað upp á vegg og farið yfir hvern lið fyrir sig. Þá kemur í ljós hvort allir hafi verið að standa sig. Var skólastjórnandinn búinn að útvega næðisstað, var mamma/pabbi hætt/ur að tuða um heimanámið, var samkomulag um tölvuviðveru virt, var búið að aðlaga námsefni???? Hver og einn verður að gera grein fyrir sínu.*

Verkefnið getur staðið yfir í nokkur ár eða skemur.